



Sauðárkróki 10. nóvember 2011

## Kæru formenn og aðrar góðar systur!

Bestu þakkir fyrir ánægjulega og eftirminnilega daga að Reykjum nýliðna helgi. Þátttaka systra fór fram úr björtustu vonum - og riðlaði upphaflegu skipulagi, en það kom ekki í veg fyrir að allt gengi að óskum og færi vel fram. Ég skynjaði mikla ánægju með haustfundinn eins og alla aðra viðburði helgarinnar☺.

## Soroptimistaklúbbur Við Húnaflóa

Hæst ber náttúrliga stofnun nýja klúbbsins Við Húnaflóa. Móttakan á föstudagskvöldinu, kynning á menningu og framleiðslu á vörum úr héraði á laugardegi og kynnisferð á sunnudagsmorgni var allt með slíkum ágætum að til sóma var. Innilegar hamingjuóskir – og þakkir – fyrir sérlega vel heppnaða og ánægjulega samveru systur við Við Húnaflóa☺!

Nú er komið að því að horfa fram á veginn!

## Skýrslur formanna

Þann 1. nóvember var eindagi skila á skýrslum formanna til forseta. Þær eiga að ná yfir tímabilið 1. október 2010 til 30. september 2011.

Átta kúbbar eru búnir að skila sinni skýrslu. Þeir eru: Austurland, Árbær, Bakka- og Selja, Grafarvogur, Húsavík & nágrenni, Kópavogur, Skagafjörður og Snæfellsnes.

Bið ég formenn sem ekki hafa skilað að gera það hið allra fyrsta!

## Umsóknir um skólastyrki Evrópusambandsins

Á þessu ári var reglum um umsóknaferli og afgreiðslu skólastyrkja Evrópusambandsins breytt. Sigrún Klara Hannesdóttir hefur nú þýtt nýju reglurnar og sett fram ítarlegar upplýsingar og leiðbeiningar um allt umsóknaferlið. **Ég vek sérstaka athygli á upplýsingum um skyldur klúbbs sem studdi umsækjanda sem hlýtur styrk og því að fullfrágengnum umsóknum þarf að skila til skólastyrkjanefndar Landssambandsins fyrir 1. desember.** Umsóknareyðublöð þessa árs eru komin inn á vefinn og ofanefndar upplýsingar koma þangað allra næstu daga. Mörg undanfarin ár hafa ein til tvær umsóknir verið sendar frá Íslandi og undantekningalítið hefur a.m.k. annar umsækjandinn hlotið styrk! Þennan góða árangur þakka ég vandaðri vinnu skólastyrkjanefndar okkar, sem leiðbeina umsækjendum um réttan frágang gagnanna, en í henni sitja: Ingibjörg Benediktsdóttir, Sigrún Klara Hannesdóttir og Vigdís Pálsdóttir.

## 10. desember ákall Alice Wells, alþjóðaforseta

Á haustfundinum kynnti ég verkefnið sem alheimsforseti gerir að 10. desember ákalli sínu til Soroptimista um allan heim: Það heitir „Birthing in the Pacific“, eða lauslega

þýtt „Meðganga og fæðing á Kyrrahafseyjum“. Slóð með nánari upplýsingum er <http://www.siswp.org/Search.html?searchword=Birthing+in+the+paci>

Ég skynjaði mikinn áhuga fyrir þessu verkefni á haustfundinum og áréttu áhuga minn og vilja til að íslenskir Soroptimistar taki þátt í því af heilum hug. Lauslegar tölur, sem ég nefndi á haustfundinum, voru: u.þ.b. 300 Au\$ eða um 36 þúsund íslenskar kr. til að kosta 2ja vikna „ættleiðingu“ ljósmóður til endurmenntunar, u.þ.b. 30 Au\$ eða um 6 þúsund krónur til kaupa á einum Karim Baby bilum áhaldapoka með nauðsynlegustu hjúkrunar/fæðingaráhöldum fyrir ljósmóður/hjúkrunarkonu.

Einnig felur verkefnið í sér fjármögnun kennslutækja, námsefnisgerðar, tölvukaupa og netaðgangs ásamt því að auka aðgang almennings að hreinu vatni.

Þarna er mikið verk að vinna og mér þætti vænt um að heyra um áhuga í klúbbum á þátttöku í verkefninu.

### **Starfsgreinanevnd**

Á landssambandsfundi í vor var tilkynnt að skipuð hefði verið starfsgreinanevnd, er hefur það verkefni að yfirfara og samræma starfsheiti systra í félagatali, eins og við verður komið, skv. nánari lýsingu í erindisbréfi, sem verður birt á vefnum okkar innan skamms. Í Starfsgreinanevnd hafa valist Ásgerður Kjartansdóttir, Erla Björnsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir, allar úr Reykjavíkurklúbbnum. Óska ég þeim góðs árangurs og velfarnaðar í starfinu framundan, en ljóst er að verkefnið er stórt!

### **Verkefnastjórar**

Á fræðslufundi formanna, varaformanna og verkefnastjóra, sem haldinn var eftir hádegisþann 5. nóvember, lagði verkefnastjóri Landssambandsins, Laufey Hannesdóttir, til að hún héldi n.k. námskeið fyrir verkefnastjóra og varaformenn um áherslur og vinnuferla verkefna klúbbanna svo gera megji góða og lýsandi verkefnisskýrslu (Program Focus Report = PFR skýrslu). Hún mun hafa nánara samband við verkefnastjóra klúbbanna vegna nánara skipulags.

### **Lokaorð**

Kæru formenn og allar systur.

Ég hvet ykkur til að vafra um netheima Soroptimista!

Margvíslegar upplýsingar er að finna um starfsemi Soroptimista og fjölbreytt verkefni á vefjum heimshlutasambandanna og alþjóðasambandsins. Tenglar til þeirra eru á forsíðu okkar vefjar: <http://www.soroptimist.is/is/forsida/> .

Til að komast á innra svæðið á okkar vef þarf aðgangsorð. Endilega hafið samband við klúbbformenn eða ritara ef þið hafið gleymt því.

Verið óragnar við að hafa samband við stjórnarkonur – og leita upplýsinga eða ráðgjafar!

Bestu óskir um öflugt, skemmtilegt árangursríkt og gefandi starf í vetur.

Ykkar,

*Ingunn Ásdís*

Forseti 2010 - 2012